

Siv Friðleifsdóttir

From: gudjon.bragason@fel.stjr.is
Sent: 25. nóvember 2004 18:30
To: Siv Friðleifsdóttir
Subject: Húsnæðisfrv. - möguleg breytingartillaga

Alþingi
Erindi nr. P 131/230
komudagur 25.11.2004

Komdu sæl Siv,

Eins og ég nefndi við þig áðan hafa starfsmenn ráðuneytisins og Íbúðalánasjóðs verið að skoða hvort tilefni sé til breytingartillagna við húsnæðisfrv. Það sem við viljum leggja til að nefndin skoði er að bætt verði inn nýrri grein í frv. sem yrði 4. gr., svohljóðandi:

22. gr. laganna orðist svo:

Íbúðalánasjóður gefur út íbúðabréf. Íbúðabréf skulu vera gefin út sem framseljanleg rafrænt eignarskráð verðbréf.

Hér er einungis um tæknilegt atriði að ræða sem skiptir þó máli þar sem það eyðir hugsanlegri óvissu við framkvæmd útboða íbúðabréfa. Þörf er á þessari breytingu til að taka skýrt fram að markmið ákvæðisins er að tryggja að íbúðabréf séu rafbréf, óháð því hvort þau eru skráð í Verðbréfaskráningu Íslands eða öðrum verðbréfaskráningum, svo sem hjá Euroclear, eins og nú er.

Virðingarfyllst,
Guðjón Bragason, félagsmálaráðuneyti